



## Fundargerð

Kynningarfundur Vatnajökulsþjóðgarðs um tilhögun samráðs vegna samgangna í Vatnajökulsþjóðgarði. Fundurinn var haldinn þann 13. apríl 2011 af stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs á skrifstofu Alta, í Ármúla 32, frá 17:00 til 18:30.

## Fundarmenn

Fundarboð var sent forsvarsmönnum þeirra aðila sem tilgreindir eru í hagsmunaaðilagreiningu. Eftirtaldir gestir sátu fundinn:

- Árni Davíðsson, Landssamtökum hjólréiðamanna
- Björn Oddson, JÖRFÍ
- Brynjar H. Bjarnason, Bandalagi íslenskra skáta
- Einar Kr. Haraldsson, Skotvís
- Elín Sigurðardóttir, Ísl. Fjallaleiðsögumenn
- Eydís Þ. Indriðadóttir, Ásahreppi
- Freyr Aðalgeirsson, L.Í.V. Landsambandi íslenskra vélsleðamanna
- Gísli Rafn Jónsson, Mývatn Tours
- Gunnar Valur Sveinsson, SAF
- Halldór H. Halldórsson, Landssambandi hestamannafélaga
- Haraldur Þórarinsson, Landssambandi hestamannafélaga
- Hilmar Antonsson, Ferðafélagi Akureyrar
- Jónas Guðmundsson, Landsbjörgu
- Skúli H. Skúlason, SAMÚT / Útivist
- Snorri Ingimarsson, Ferðaklúbbnum 4 x 4
- Svanur Bjarnason, Vegagerðinni

Viðstaddir á vegum þjóðgarðsins voru:

- Kristveig Sigurðardóttir, formaður stjórnar, Vatnajökulsþjóðgarði
- Þórður H. Ólafsson, framkvæmdastjóri, Vatnajökulsþjóðgarði
- Þróstur Olaf Sigurjónsson
- Árni Geirsson, Alta
- Halldóra Hreggviðsdóttir, Alta

Nokkrir horfðu einnig á beina útsendingu fundarins á netinu. Horft var á sex stöðum þegar mest var en ekki er vitað um nöfn eða fjölda þeirra sem á útsendinguna horfðu. Fjarstöddum áhorfendum var boðið að koma spurningum eða athugasemdum á framfæri í tölvupósti eða símleiðis.

## Kynning formanns stjórnar

Kristveig Sigurðardóttir formaður stjórnar Vatnajökulsþjóðgarðs setti fundinn og fór yfir tilgang hans, sem var að fá viðbrögð hagsmunaaðila við fyrirbyggjandi áætlun þjóðgarðsins um tilhögun samráðsins. Samráðinu er komið á í framhaldi af tilmælum umhverfisráðherra til stjórnar þjóðgarðsins í tengslum við staðfestingu ráðherra á Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs. Markmiðið er að fara yfir meginatriði og almennar viðmiðanir um aðgengi, sem geti orðið leiðarljós fyrir útfærslu samgöngukerfis til framtíðar og hvaða leiðir skuli vera skilgreindar. Fram kom hjá Kristveigu að viðfangsefnið, samgöngur



Í Vatnajökulsþjóðgarði, sé margslungið. Þar þurfi að skoða akstursleiðir, reiðleiðir, hjólaleiðir og göngleiðir í tengslum við leiðarljós þjóðgarðsins um náttúruvernd, útivist og byggðapróun á nærsvæðum þjóðgarðsins. Að mörgu sé að hyggja s.s. góðu aðgengi fyrir alla, áhugaverðum leiðum, jafnt fornum sem nýjum, atvinnuuppbyggingu, verndun náttúru og víðerna, öræfakýrrð, eftirliti og öryggi.

#### Samráðsferlið

Kristveig reifaði þá tillögu stjórnar að samráðsferlinu verði skipt í eftirtalda áfanga og að gert sé ráð fyrir að öllum upplýsingum um niðurstöðu hvers áfanga verði miðlað á vef Vatnajökulsþjóðgarðs.

1. Hagsmunaaðilagreining og drög að samráðsáætlun (þegar á vef þjóðgarðsins).
2. Kynningarfundur um samráðsfyrirkomulag með fulltrúum hagsmunaaðila.
3. Samráðsfundur um aðgengi og samgöngur í Vatnajökulsþjóðgarði.
4. Úrvinnsla starfshóps á niðurstöðum samráðsfundar og mótun tillögu til stjórnar.

#### Hagsmunaaðilagreining

Fyrir liggja drög að hagsmunaaðilagreiningu sem snýr einkum að samgöngumálum þjóðgarðsins. Þar er yfirlit yfir þá hagsmunaaðila sem koma þurfa að samráðsferlinu um samgöngur. Hagsmunaaðilagreiningin hefur verið kynnt á vef Vatnajökulsþjóðgarðs og var boðað til þessa fundar í dag á grundvelli niðurstaðna hennar. Markmið fundarins er að fá viðbrögð fundarmanna bæði við fyrirbyggjandi hagsmunaaðilagreiningu og við samráðsáætluninni.

#### Samráðsfundur

Kristveig fór síðan yfir fyrirkomulag samráðsfundar þar sem fulltrúar allra hagsmunaaðila kæmu saman. Tilgangur þess fundar væri að efna til samræðu um meginatriði um aðgengi og samgöngur í þjóðgarðinum, en einnig um einstakar leiðir. Samtalinu yrði hagað þannig að aðilar með ólíka hagsmuni ræddu saman og gætu skipst á skoðunum og leitað leiða til lausna. Fundurinn yrði u.þ.b. 2-3 klukkutíma langur og tekur yrðu saman niðurstöður vinnuhópa og birtar á vef þjóðgarðsins. Ráðgert er að halda fundinn í lok apríl eða byrjun maí.

#### Starfshópur

Loks kynnti Kristveig tillögu um starfshóp sem fengi það hlutverk að vinna úr niðurstöðum samráðsfundar og gera tillögu um samgöngumál til stjórnar. Hópurinn yrði skipaður sjö fulltrúum:

- Fulltrúi þjóðgarðsins
- Fulltrúi vélknúinna farartækja
- Fulltrúi göngu- og hjólreiðamanna
- Fulltrúi hestamanna
- Fulltrúi ferðaþjónustunnar
- Fulltrúi Náttúrufræðistofnunar
- Fulltrúi umhverfisverndarsamtaka

Haft yrði samband við þá aðila sem eru í fararbroddi á hverju sviði og þeir beðnir um að tilnefna 2-3 fulltrúa sem til greina kæmu. Þannig gæfist tækifæri til að velja í starfshópinn með tilliti til jafnvægis í kyni, búsetu o.fl.

Einnig væri lagt til að hlutlaus aðili, alls ótengdur fyrri vinnu þjóðgarðsins, komi að og verkstýri þeirri vinnu. Kristveig kynnti til sögunnar Þröst Olaf Sigurjónsson, lektor við viðskiptadeild HR en hann hefur



tekið verkið að sér. Hópurinn mun hafa til hliðsjónar margvíslegar upplýsingar sem málið varðar, m.a. varðandi ákvæði laga og reglugerðar, auk samantektar frá samráðsfundinum. Ráðgert er að starfshópurinn skili af sér um miðjan júní.

## Umræður

Nokkur umræða varð um tildrög samráðsins og kom fram ánægja með að til þess hefði verið stofnað. "Því meiri sátt, því fleiri landverði eignuðumst við". Fram kom tillaga um að Rangárþing Ytra kæmi einnig að samráðinu, þar sem sveitarfélagið nýtti Holtamannaafrétt sameiginlega með Ásahreppi. Ekki komu fram verulegar athugasemdir við viðfangsefni samráðsfundarins, en lagt var til að hann yrði lengri. Ólíklegt væri að 2-3 tíma langur fundur dygði til að fara yfir svo viðamikil efni. Ennfremur var lagt til að fundurinn yrði haldinn fyrir á deginum en sá fundur sem hér er ritaður, til þess að fundarmenn, sem kæmu langt að, gætu komst heim aftur samdægurs. Fram komu skiptar skoðanir um það hvort betra væri að hafa fundinn á virkum degi eða um helgi. Lögð var áhersla á það að nauðsynlegt væri að stjórn gengi til þessa samráðs með opinn hug og að mögulegt væri að niðurstöður samráðsins leiddu til breytinga á samgöngukerfi þjóðgarðsins. Kristveig áréttaði að svo væri.

Nokkur umræða var um fjölda fulltrúa í starfshópi og hvernig umboði þeirra væri háttáð miðað við fram komna hagsmunaaðilagreiningu. Fundarmenn lögðu áherslu á að tryggt væri að allir hagsmunaaðilar gætu komið sjónarmiðum sínum greiðlega á framfæri við fulltrúana. Fram kom tillaga um að við hópinn bættust tveir fulltrúar, annar frá SAMÚT og hinn væri fulltrúi sveitarfélaga. Með handauppréttingu var staðfest að þorri viðstaddra fundarmanna féllist á þessa breytingartillögu.

Fundarmenn lögðu einnig áherslu á að mikilvægt væri að þeir sem valdir yrðu sem fulltrúar hagsmunaaðila til setu bæði á samráðsfundinum og í starfshópnum væru vel tengdir við þá sem ætla mætti að þeir væru fulltrúar fyrir. Einnig var áréttað mikilvægi þess að samráð þjóðgarðsins við hagsmunaaðila væri almennt virkt.

Fram kom hjá Kristveigu í lokin að næstu skref fælust í því að boða til samráðsfundarins og nánari upplýsingar þar að lútandi myndu berast fljótlega.

Nokkrir fundarmenn þökkðu í lokin fyrir fundinn og sögðu ferlið framundan lofa góðu.

Fundi formlega slitið kl.18:30